Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

27 árg. 2018 1. tbl.

Alþjóðlegur dagur skóga 21. mars

Úr lausu lofti gripið...

Eitt umtalaðasta umhverfismálið þessi dægrin eru loftslagsmálin og þar hafa hinar ýmsu leiðir til að draga úr losun og binda kolefni skipað stærstan sess. Ísland er aðili að loftslagssáttmálum kenndum við Kyoto og París og ríkisstjórnin hefur sett það sem markmið að Ísland verði kolefnishlutlaust í síðasta lagi árið 2040. Sem stendur erum við töluvert frá því. Því er ein ástæða þess að þetta er mikið í umræðunni hérlendis, fyrir utan hversu alvarlegt mál þetta er á heimsvísu, að Ísland þarf fyrirsjáanlega að greiða háar fjárhæðir vegna losunarinnar innan tíðar. Heyrst hafa raddir um að slíkt fé myndi nýtast betur við að draga úr losun og auka bindingu hérlendis, frekar en að þurfa að greiða það í „sektir“.

Sú aðgerð sem hefur verið einna mest í umræðunni undanfarið er endurheimt votlendis, enda er hér á landi mikið af röskuðu votlendi, þökk sé skurðgerðargleði fyrri áratuga, og kolefnislosun frá framræstu votlendi mikil. Töluvert af því landi sem ræst var fram til ræktunar er ekki í slíkri notkun í dag og því víða tækifæri til endurheimtar. Skiptar skoðanir hafa hins vegar verið um endurheimtina og þá sérstaklega hver kolefnislegur ávinningur hennar er, þ.e. hversu mikið af kolefni eru svæðin að losa í dag og hversu mikið dregst losunin saman með endurheimt. Hvernig best sé að standa að endurheimtinni er svo enn önnur umræða, sem og hvort önnur landnýting, t.d. skógrækt, á slíkum svæðum leiði til meiri bindingar á heildina litið. Þegar svo skiptar skoðanir eru um málefni er alveg ljóst að mun meiri rannsókna er þörf á því til að ná almennri sátt og stendur þar upp á íslensk stjórnvöld, sem hafa jú talað fyrir endurheimt votlendis sem loftslagsaðgerð, að setja fjármuni í rannsóknir. Þar fyrir utan þá hefur endurheimt votlendis, alveg óháð öllum kolefnisútreikningum, ýmisleg jákvæð áhrif á umhverfi og lífríki, sem eru líka fullgildar ástæður fyrir henni.

Því miður virðist umræðan stundum snúast upp í vonir um „patent-lausn“ á loftslagsvandanum, þ.e. horft er til einnar aðgerðar, svo sem endurheimtar votlendis, og henni ætlað að redda málinu. Raunveruleikinn er hins vegar annar. Ef við ætlum að standa við góð og háleit markmið Íslands í loftslagsmálum þarf að huga að sem flestum þáttum. Við þurfum að draga úr losun, endurheimta votlendi, græða upp land og rækta skóg. Við höfum mikla möguleika á að draga úr losun með endurheimt votlendis. Við höfum mikið af illa förnu landi sem auka má kolefnisbindingu í með uppgræðslu. Í landi með innan við 2% skógarþekju eru möguleikar á stóraukinni skógrækt, en skógrækt hefur þá kosti að a) öll tækni og kunnátta sem þarf er til staðar nú þegar og b) búið er að rannsaka kolefnisbindinguna ítarlega, þannig að við höfum tölur um hana sem sátt er um.

Eins og Andrés Arnalds jarðvegsfræðingur komst að orði þá er kolefni í andrúmsloftinu „auðlind á villigötum“. Í lausu lofti er það vandamál. Úr lausu lofti gripið og bundið í jarðveg og gróður er kolefnið grundvöllur fjölþættrar þjónustu vistkerfa og landbúnaðar í heiminum. Og þar með grundvöllur lífs á jörðinni.

Ragnhildur Freysteinsdóttir
ritstjóri

Laufblaðið

Fréttablað, 27. árgangur, 1. tölublað 2018.

Útgefandi:
Skógræktarfélag Íslands
Þórunnartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 551-8150, www.skog.is

Ritstjóri:
Ragnhildur Freysteinsdóttir
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:
Ragnhildur Freysteinsdóttir

Ábyrgðarmaður:
Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Stjórn Skógræktarfélags Íslands, kjörin á aðalfundi 2017:
Jónatan Garðarsson formaður
Guðbrandur Brynjúlfsson varaformaður
Laufey B. Hannesdóttir gjaldkeri
Aðalsteinn Sigurgeirsson ritari

Meðstjórnendur:
Páll Ingþór Kristinsson
Sigrún Stefánsdóttir
Þuríður Yngvadóttir

Varamenn:
Kristinn H. Þorsteinsson
Valgerður Auðunsdóttir
Jens B. Baldursson

Eftirtalin fyrirtæki eru aðalstyrktaraðilar Skógræktarfélags Íslands

Arion banki
EIMSKIP
ICELANDAIR GROUP
IKEA
ÖDDI
TOYOTA

Kolefnisbinding í skógum – fjórföldun nýskógræktar

Helstu skógaraðilar hérlendis – Skógræktin, Landssamtök skógareigenda og Skógræktarfélag Íslands – settu nýverið saman minnisblað um skógrækt sem kynnt hefur verið fyrir ráðuneytum, þingmönnum, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og öðrum haghöfum. Í minnisblaðinu eru kynntar áætlanir um fjórföldun nýskógræktar á næstu árum, en gróðursetning hefur dregist saman undanfarinn áratug, úr um 6 milljónum trjáa á ári þegar best lét í rúmlega 3 milljónir.

Ræktun nýrra skóga (nýskógrækt) er ein mikilvægasta náttúrulega aðgerðin sem heimsbyggðin hefur tiltæka í baráttunni við loftslagsvandann. Nýskógrækt dregur bæði úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rofnu landi og bindur kolefni í jarðvegi, rótum og stofni. Íslendingar geta ekki dregið úr nettólosun um eina milljón tonna CO_2-ígilda á ári, eins og gert er ráð fyrir í Parísarsamkomulaginu, nema með því að auka skógrækt. Hefjast verður handa strax því hámark kolefnisbindingar í nýjum skógi næst ekki fyrr en eftir 15-20 ár frá gróðursetningu.

Nýskógrækt með sjálfbærum skógarnytjum og endurheimt birkiskóga fellur vel að alþjóðlegum samningum sem Íslendingar eru aðilar að og styður við flest ef ekki öll sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna. Íslendingar eru í þeirri óvenjulegu stöðu að nær öllum skógum landsins var eytt og eftir fylgdi gríðarleg jarðvegseyðing. Við landnám var um þriðjungur landsins þakinn birkiskógum og kjarri, en nú vex birki ekki á nema um 1,5 % landsins. Ræktaðir skógar á Íslandi þekja nú 0,42% landsins.

Áætlunin felur í sér:

- að árið 2023 hafi árleg gróðursetning verið fjórfölduð, úr 3,1 milljón trjáa á ári í 12,4 milljónir.
- að árið 2030 bindi íslenskir skógar 587.000 tonn CO_2-ígilda á ári og flatarmál nýskógræktar verði 75.000 ha.
- að árið 2040 verði árleg binding í skógi 886.000 tonn CO_2-ígilda og flatarmál nýskógræktar 112.000 ha.
- mun meiri samdrátt í nettólosun Íslands á CO_2-ígildum en yrði með óbreyttri skógrækt.
- að Íslendingar verði sjálfbærir um timbur árið 2060 miðað við núverandi innflutning á timbri.

Nægt land er tilbúið til ræktunar, t.d. samningslönd um 650 bænda í tengslum við skógrækt á lögbýlum um land allt og víðfeðm uppgræðslulönd Landgræðslunnar. Ýmis verkefni á vegum ríkisins, sveitarfélaga og félagasamtaka í skógrækt eru starfrækt, s.s. Landgræðsluskógar og Hekluskógar. Allir innviðir eru til staðar svo auka megi nýskógrækt, s.s. gróðrarstöðvar, fagfólk, sérfræðingar í rannsóknum og nauðsynlegur tækjabúnaður.

Kostnaður við slíka aukningu nýskógræktar árin 2020-2030 er áætlaður á núvirði 15 milljarðar. Er það aðeins brot af þeirri upphæð sem Íslendingar þurfa að greiða, náist ekki að standa við Parísarsamkomulagið.

Aukin nýskógrækt hefur að auki ýmis þjóðhagsleg áhrif, önnur en bara á kolefnislosun og bindingu. Aukin skógrækt getur styrkt dreifbýli og atvinnusköpun, sem skilar þjóðarbúinu skatttekjum, aukið verðmæti bújarða og hækkað lánshæfismat bænda, aukið möguleika til uppbyggingar nýrra atvinnuvega í dreifbýli, bætt búsetu- og ræktunarskilyrði fyrir akurrækt og húsdýr í skjóli skóga og skjólbelta, veitt jarðvegsvernd og vernd gegn náttúruvá, s.s. öskufalli, leitt til sparnaðar á gjaldeyri og flutningskostnaði við að framleiða timbur og aðrar skógarafurðir innanlands og leitt til hagkvæmari grisjunar og skógarhöggs eftir því sem árin líða og magnið eykst.

(Mynd: Borja Rodríguez Herrero).

Nýr formaður Yrkjusjóðs

Andri Snær Magnason rithöfundur er nýr formaður Yrkjusjóðs, samkvæmt tilnefningu Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta. Tekur hann við af Sigurði Pálssyni skáldi, sem lést á síðasta ári.

Yrkjusjóður heitir fullu nafni Yrkja - sjóður æskunnar til ræktunar landsins. Forsaga sjóðsins er sú, að árið 1990 var gefin út bókin Yrkja í tilefni 60 ára afmælis Vigdísar Finnbogadóttur sem þá var forseti Íslands. Hagnaður af sölu bókarinnar, ásamt öðrum framlögum, var settur í sjóð sem Vigdís stofnaði árið 1992. „Markmið sjóðsins er að kosta trjáplöntun íslenskra skólabarna á grunnskólastigi á ári hverju“ stendur í skipulagsskrá hans. Með þessu er honum ætlað að kynna mikilvægi skógræktar og ræktunar almennt fyrir unga fólkinu í landinu og ala þannig upp ræktendur framtíðarinnar. Árlega hafa um 100 grunnskólar sótt um og fengið úthlutað trjáplöntum.

Matthías Johannessen, skáld og fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, var fyrsti formaður sjóðsins, en hann lét af störfum að eigin ósk árið 2003 og tók Sigurður Pálsson þá við sem formaður. Setti Sigurður sitt mark á starfsemi sjóðsins, meðal annars stóð sjóðurinn fyrir tilstilli Sigurðar fyrir ljóða- og ritgerðasamkeppni með þemað „Þetta gerir skógurinn fyrir mig“ í tilefni 20 ára afmælis sjóðsins árið 2012 og fyrir ljóðasamkeppni með þemað „Skógurinn minn“ í tilefni 25 ára afmælis sjóðsins árið 2017. Voru báðar samkeppnirnar vel heppnaðar. Gegndi Sigurður formennskunni af miklum dugnaði, samviskusemi og heilindum allt til dauðadags.

Yrkjuplöntur gróðursettar á Úlfljótsvatni árið 2013 (Mynd: Ragnhildur Freysteinsdóttir).

Trjárækt á Akranesi

Skógræktarfélag Akraness og Skógræktarfélag Skilmannahrepps héldu sameiginlegan fund um trjárækt á Akranesi þann 5. mars síðast liðinn og var fundurinn prýðilega sóttur, en á þriðja tug mættu. Sindri Birgisson, umhverfisstjóri Akranesbæjar, fór yfir það sem gert hefur verið í trjáræktarmálum á Skaganum, en töluvert hefur verið gróðursett af trjám til að fegra bæinn og ýmislegt á dagskránni á næstu árum.

Jón Guðmundsson garðyrkjufræðingur flutti svo erindi um trjárækt á Akranesi, en hann er þekktur fyrir eplarækt sína. Sýndi hann myndir af trjám í görðum bæjarins og urðu líflegar umræður um hvaða tré henta best á Akranesi, en ýmsar tegundir hafa reynst ágætlega, svo sem ösp, alaskavíðir, hafþyrnir og á skjólbetri svæðum reyniviður, selja og ýmsir toppar.

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, fjallaði um val á Tré ársins, sem Skógræktarfélag Íslands stendur fyrir árlega. Slík útnefning tíðkast víða, hvort sem er á einstökum trjám, eins og t.d. í Bretlandi, eða á trjátegund, eins og í Þýskalandi. Tré ársins hérlendis er valið út frá ýmsum þáttum, svo sem sögu trésins, fágæti tegundar eða vaxtarlagi trésins.

Sindri Birgisson segir frá trjáræktarmálum á Akranesi (Mynd: Jens B. Baldursson)

Skógræktarfélag Akraness var stofnað 1942. Í upphaflegum lögum þess segir m.a. að tilgangur félagsins sé að auka skóg- og trjárækt á Akranesi og enn í dag er meðal markmiða félagsins að styðja við skógrækt, fræða félagsmenn um skógrækt, landgræðslu og gróðurvernd og gildi skóga.

Nýr sveppur finnst í Skarðdalsskógi



Staðfest hefur verið í rannsókn hjá Náttúrufræðistofnun Íslands á Akureyri að sveppur sem fannst í Skarðdalsskógi í Siglufirði í ágúst 2016 hefur aldrei áður fundist hér á landi, svo vitað sé. Sveppurinn var túrkis-blár að lit yfir hattinn og með áberandi kraga, stafurinn 4-8 mm breiður, hvítur og sléttur ofan kraga, en fölgrænleitur og með brúska eða flösukennda áferð neðan hans.

Greining Kerstin Gillen sveppafræðings var sú að um væri að ræða S*tropharia aeruginosa.* Vegna sérstöðu fundarins voru fleiri eintök send til nánari rannsóknar síðast liðið haust til Guðríðar Gyðu Eyjólfsdóttur, sveppafræðings hjá Náttúrufræðistofnun, og staðfesti hún greininguna. Fékk sveppurinn þá einnig heitið grænblína. Ekki er vitað hvernig sveppurinn barst í skóginn, en gróðursetning á svæðinu hófst upp úr 1950, þá aðallega sitkagreni. Nánar má lesa um fundinn í grein Sigurðar Ægissonar á https://www.siglfirdingur.is/nyr-sveppur-finnst-i-siglufirdi/.

Nýi sveppurinn hefur sérstæðan túrkis-bláan lit, sem er skemmtileg viðbót við litaflóruna í skóginum. Sérlega áhugavert er að hann skuli hafa fundist í Skarðdalsskógi, nyrsta skógi landsins, og væri fróðlegt að vita hvernig hann barst þangað (Myndir: Sigurður Ægisson).

Barnahornið - lausn gátu í 3. tbl. Laufblaðsins 2017

Margt í gangi í Smalaholti

Skógræktarfélag Garðabæjar réðst í víðtæka grisjun á elstu reitunum í skóginum í Smalaholti síðast liðið haust. Verkið var í höndum Einars Jónssonar, Orra Freys Finnbogasonar og Arnars Bjarka Jónssonar en allir hafa þeir áralanga reynslu á þessu sviði. Erla Bil Bjarnardóttir, formaður Skógræktarfélags Garðabæjar og fyrrverandi umhverfisstjóri Garðabæjar, hafði yfirumsjón með verkinu.

Mikil grisjunarþörf er í skóginum sem er tæplega 30 ára, ekki síst í stafafurulundum, en það er sú tegund sem hefur vaxið einna hraðast og best í holtinu. Verktakar sem unnið hafa fyrir félagið á sumrin hafa flestir grisjað lítillega, aðallega meðfram útivistarstígum samhliða öðrum störfum, en aldrei hefur verið ráðist í jafn víðtæka grisjun og nú. Svæðin sem urðu fyrir valinu eru með þeim elstu á svæðinu og liggja frá spennivirki í norðanverðu holtinu, samsíða og undir háspennulínu í átt að Elliðavatnsvegi. Grisjunarsvæðið var ekki samfellt heldur voru teknir fyrir misstórir lundir innan þess eða þar sem mest þörf var talin á grisjun. Jafnframt var klippt frá útivistarstígum þar sem greinar voru farnar að slúta inn á þá.

Skógurinn verður aðgengilegri

Megintilgangur grisjunarinnar er tvíþættur. Í fyrsta lagi stuðlar grisjun að auknu heilbrigði trjáa og skógarins sem heildar. Í of þéttum lundum líða öll trén fyrir þrengslin og baráttan verður hörð um vatn og næringu úr jarðvegi, rótarrými og birtu. Með því að fjarlægja á skipulegan hátt lakari einstaklinga bætir maður mjög lífsskilyrði hinna sem eftir standa. Í öðru lagi bætir grisjun til muna aðgengi um skóginn og ásýnd hans enda gamlir lundir oft orðnir svo þéttir að erfitt og jafnvel ómögulegt er að fara um þá. Það er til lítils að rækta útivistarskóg ef engin getur farið um hann nema mýs og fuglar.

Smalaholtið er útivistarskógur, þar ægir saman ólíkum trjátegundum í sama lundinum sem getur valdið grisjunarmönnum talsverðum heilabrotum, enda liggur ekki alltaf ljóst fyrir hvaða tré á að standa og hvað á að falla. Í þessari grisjun var því megináhersla lögð á að grisja reiti þar sem ein tegund er ríkjandi, annars vegar furureiti og hins vegar lerkireiti. Sums staðar var nóg að kvista upp (fjarlægja neðstu greinar) stafafuru til að opna leið um skóginn en annars staðar þurfti annað hvert tré að fara. Jafnframt var lögð áhersla á að skilja eftir áhugaverða einstaklinga, t.d. skemmtilega vaxin kræklótt lerkitré sem eiga eftir að verða „karakterar“ þegar fram líða stundir. Í hefðbundinni nytjaskógrækt

væru slík tré umsvifalaust felld en í útivistarskógi eru þau til yndis og lífga upp á skóginn.

Sjálfsáðum plöntum hjálpað

Jafnframt lögðu grisjunarmenn áherslu á að ganga vel frá eftir sig enda skógurinn fjölsóttur af útivistarfólki og leiðinlegt ef hann lítur út eins og þar hafi fallið sprengja. Bolum var raðað í snyrtilegar stæður og greinum í hrúgur sem síðan var gjarnan sagað ofan í til að flýta niðurbroti. Greinar og annað sem féll til við grisjunina var dregið frá mögulegum gönguleiðum og í sumum tilfellum var greinahrúgum komið fyrir í nálægum lúpínuflekkjum. Í norðanverðu holtinu var talsvert um sjálfsáðar stafafurur og ilmreynitré sem voru að koma upp úr lúpínuflekkjum. Samkeppni þessara litlu plantna við lúpínuna getur verið hörð og því var gripið til þess ráðs að dreifa greinum sem féllu til við grisjun í kringum sjálfsáðar plöntur á stöku stað. Með því eru tvær flugur slegnar í einu höggi. Greinarnar halda lúpínunni niðri næst plöntunni þannig að hún fær forskot í samkeppninni og um leið nýtur hún góðs af niturbindingu lúpínunnar, auk þess sem niðurbrot greinanna kemur líka til með að bæta jarðvegslífið með tíð og tíma.

Þrátt fyrir að Smalaholt eigi að heita fullplantað býður svæðið enn upp á talsverða möguleika til nýgróðursetninga, bæði vegna þess að víða eru eyður í skóginum auk þess sem hægt er að fara að rækta viðkvæmari trjátegundir í skjóli skógarins sem þegar er vaxinn. Þá gefur grisjun gamalla reita líka tækifæri til að gróðursetja þar skuggþolnar skógarbotnsplöntur til að auka enn á fegurð og fjölbreytileika skógarins.

Þó að skógarhöggið í haust hafi verið víðtækt og gert mikið til þess að opna skóginn og auka heilbrigði trjágróðurs, er ljóst að frekari grisjunar er þörf í Smalaholti. Í raun væri skynsamlegt að grisja skóginn lítillega á hverju ári. Svæðið er gríðarstórt og margir lundir komnir á tíma. Sérlega brýnt er að ráðast í grisjun í lundum þar sem ólíkum trjátegundum ægir saman enda má með markvissum klippingum og grisjun lengja líf og jafnvel bjarga trjám sem annars yrðu undir í baráttunni. Um leið verður skógurinn fallegri og við njótum hans betur.

Skógrækt í Smalaholti

Skógræktarfélag Garðabæjar hóf að rækta skóg í Smalaholti árið 1989 og þar vex nú fjölbreyttur blandskógur á 53 ha landi sem bæjarbúar eru duglegir að nýta sér til útivistar og afþreyingar. Margir hafa lagt hönd á plóg við ræktun skógarins í gegnum tíðina því að fyrir utan skógræktarfélaga hafa fjölmörg félagasamtök í Garðabæ ræktað þar lundi sem og börn og ungmenni í sumarvinnu eða skólagróðursetningum. Þeir eru því ófáir Garðbæingarnir sem eiga sín tré á völdum stað í þessum fallega skógi. Á undanförnum árum hefur verið lögð rík áhersla á uppbyggingu aðstöðu í skóginum, meðal annars er þar víðtækt net útivistarstíga og fjöldi bekkja og áningarstaða. Nánari upplýsingar á vef Skógræktarfélags Garðarbæjar www.skoggb.is.

Skógarskáli

Stjórn Skógræktarfélags Garðabæjar hefur látið vinna tillögu að skógarskála fyrir félagið sem yrði staðsettur við aðkomuna að Smalaholti og var hún unnin af Sigurði Einarssyni hjá Batteríi arkitektar. Í skálanum er gert ráð fyrir aðstöðu með geymslurými fyrir verkfæri, salerni og á baklóð yrði afgirt svæði fyrir plöntugeymslu. Hugmynd að skógarskála þróaðist eftir að Garðabær eignaðist Vífilsstaðaland á síðasta ári, því ætla má að núverandi aðstaða félagsins þurfi að víkja fyrir nýrri íbúðabyggð. Var tillagan kynnt fyrir Gunnari Einarssyni bæjarstjóra í nóvember og send til bæjaryfirvalda nú í febrúar, en í undirbúningi er vinnsla deiliskipulags fyrir Vífilsstaðalandið.

Það hefur komið fram á íbúafundi og í blaðagreinum að Golfklúbbur GKG hyggst krefjast stækkunar golfvallarins í Vetrarmýri inn fyrir mörk skógræktarsvæðisins í Smalaholti á móti skerðingu á golfvellinum vestast í Vetrarmýri. Mikilvægt er að svæðið við aðkomuna að Smalaholti við Elliðavatnsveg verði ekki skert en þar hefur félagið áhuga á að koma fyrir skógarskálanum og þar er andlitið að skógræktar- og útivistarsvæðinu í Smalaholti sem er hjarta félagsins, enda fyrsta svæðið sem fengið var til skógræktar.

Teikning sem sýnir hvernig fyrirhugaður skógarskáli getur komið til með að líta út.

Skógarnytjar á Hönnunarmars

Hönnunarmars fór fram í tíunda sinn dagana 15. – 18. mars. Einn viðburður þar var með sérstaka tengingu við Skógræktarfélag Reykjavíkur, en hönnuðurinn Björn Steinar Blumenstein var með sýningu er heitir Skógarnytjar, í Smiðjunni (skemmunni) á Elliðavatni. Þar hafði Björn nýtt hráefni (við) úr skóginum til að framleiða frumgerðir eftir innsendum tillögum og var hér um áhugaverða nýsköpun í viðarnýtingu að ræða.

Eftir skógareyðingu fyrri alda er viður aftur að verða að auðlind hérlendis þökk sé því skógræktarstarfi sem unnið hefur verið, meðal annars af skógræktarfélögunum.

Á sýningunni á Elliðavatni mátti sjá hina ýmsu muni gerða úr íslenskum viði, bæði stóra, eins og þennan fallega bekk á myndinni að ofan, sem smáa, eins og tannburstann á myndinni til vinstri. Sýndi það vel að möguleikarnir eru óendanlegir og sérstaklega að ekki þarf alltaf stórviði til að búa hluti til, mjórri grisjunarvið má nota í ýmislegt (Myndir: Ragnhildur Freysteinsdóttir).

Barnahornið

Á MYNDUNUM ERU TÍU ATRIÐI EKKI EINS Á BÁÐUM MYNDUNUM. FINNIÐ ÖLL TÍU!